

## Launastefna Reykjavíkurborgar

Jafnlaunastefna er einn af hornsteinum launastefnu Reykjavíkurborgar. Með því er átt við þá stefnu að greiða starfsmönnum sömu laun fyrir sambærileg og jafnverðmæt störf. Með þetta markmið í huga var valið starfsmatskerfi með burði til að geta metið á kerfisbundinn hátt þau störf sem starfsmenn borgarinnar vinna. Þá hefur Reykjavíkurborg lagt áherslu á það að gera kjarasamninga við viðsejendur sína um starfsmat.

Þau stéttarfélag sem hafa kjarasamninga um starfsmat eru Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar, Efling- stéttarfélag, Samiðn samband iðnfélaga, Verkstjórasamband Íslands, Rafiðnaðarsamband Íslands, Múrarafélag Reykjavíkur, Tæknifræðingafélag Íslands. Stéttarfélag verkfræðinga, Stéttarfélag sjúkraþjálfara, Félag íslenskra fræða, Stéttarfélag bókasafns og upplýsingafræðinga, Stéttarfélag sálfræðinga, Iðjubjálfafélag Íslands, Stéttarfélag félagsráðgjafa, Matvæla og næringarfræðafélag Íslands og Þroskabjálfafélag Íslands.

## Hvað er starfsmat

Starfsmat er greiningartæki sem notað er til þess að leggja með kerfisbundnum hætti mat á innihald starfa og kröfur til starfs. Með starfsmati skapast þannig hlutlæg viðmið til grunnröðunar á störfum. Forsendur launaákvæðana byggðar á starfsmati eru skýrar, sýnilegar og aðgengilegar starfsmönnum. Niðurstöður starfsmatsins eru kynntar á innri vef Reykjavíkurborgar og þar koma fram heildarstig starfs. Sundurliðun stiga eftir efnisþáttum starfsmatsins og starfsyfirlit starfa, sem er stutt lýsing á kröfum til starfs er einnig vistuð á innri vef borgarinnar.

Mikilvægt er að hafa í huga að starfsmat metur aðeins grunnkröfur til starfa en ekki einstaklingsbundna hæfni starfsmanna. Með öðrum orðum þá er lagt mat á það hvaða kröfur eru gerðar til starfsmanns í tilteknu starfi. Ekki er lagt mat á einstaklingsbundna hæfni jafnvel þó umfram hæfni eða hæfileikar hafi bein eða óbein áhrif á frammistöðu í starfi. Einstaklingsbundna hæfni má meta til dæmis með frammistöðu- eða hæfnismati.

## Um starfsmatskerfi Reykjavíkurborgar

SAMSTARF starfsmatskerfi Reykjavíkur byggir á bresku starfsmatskerfi (*Single Status Job Evaluation*) frá árinu 1997. Það var hannað af hópi valinkunnra sérfræðinga í samvinnu við sveitar- og stéttarfélög í Bretlandi, auk sérfróðra ráðgjafa um launajafnrétti. Bæði Breska jafnréttisráðið (*Equal Opportunities Commission*) og Jafnréttisnefnd kynþátta (*Commission for Racial Equality*) í Bretlandi tóku virkan þátt í hönnun kerfisins.

Við hönnun kerfisins var þess sérstaklega gætt að framfylgja jafnrétti á grundvelli kyns, kynþáttar, trúarskoðana, aldurs og fötlunar, og þannig reynt að tryggja að starfsmenn fái sömu laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.

Til þess að starfsmat geti talist „kynhlutlaust“ þarf það að taka jafnt tillit til þeirra þátta er einkenna hefðbundin kvenna- og karlastörf. Mikilvægt er að hafa í huga að starfsmatskerfi geta falið í sér kynbundna mismunun og hafa mörg kerfi verið gagnrýnd fyrir það. Mismunun getur falist í því að starfseinkennum sem eru dæmigerð fyrir kvennastörf eru gerð lítil skil, s.s. ábyrgð á fólki og tilfinningalegt álag, en einkenni eins og líkamlegt álag og ábyrgð á fjármunum sem oft einkenna störf karla fái hátt vægi og eru gerð ýtarleg skil.

Einnig getur mismunun falist í framkvæmd starfsmats. Breska starfsmatskerfið er á tölvutæku formi, með lokuðum spurningum og er þannig reynt að draga sem mest úr huglægrri skekkju við matið.

Starfsmatið nær til starfa hjá sveitarfélögunum. Því er ætlað að tryggja að starfsmenn fái laun metin á sömu forsendum óháð kyni eða stéttarfélagsaðild. Þetta starfsmatskerfi er mun umfangsmeira en almennt gerist með starfsmatskerfi og tekur tillit til fjölbreyttra, ólíkra starfa. Þrátt fyrir nokkuð umfang er kerfið bæði opið og einfalt í notkun. Reglur um matið eru opinberar og kynntar starfsmönnum. Sama má segja um vægi þátta. Starfsmenn starfsmatsins fylgja reglum um jafnræði og vinna eftir ákveðnum framkvæmdareglum sem og reglum um meðferð ágreiningsmála og áfrýjun starfsmatsins.